

Íslenskur iðnaður

11. tölublað 15. árg.

Nóvember 2009

Samtök iðnaðarins **SI**

Hátækni og Sprotapening 2009

Markvert framlag til endurreisnar
og trú á framtíðina



Fulltrúar fyrirtækja, stuðningsaðila og alþingismenn troðfylltu húsakynni CCP á Hátækni- og sprotapeningi 2009 sem fór fram föstudaginn 6. nóvember.

Það ríkir engin kreppa í hugarfari stjórnenda hátækni- og sprotafyrirtækja, heldur trú á bjarta framtíð. Árangurinn blasir líka við þrátt fyrir erfið rekstrar-skilyrði á undanförunum árum. Með frumvörpum sem miða að því að styðja við uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja, myndarlegri eflingu Tækniþróunarsjóðs, markvissu nýsköpunarstarfi í tengslum við opinber innkaup, straumlinulögun stuðningsumhverfisins og stuðningi við útflutningsstarfsemi geta hátækni- og sprotafyrirtæki orðið ein meginstoð hagvaxtar og uppspretta vel launaðra starfa á Íslandi á komandi árum.

Hátækni- og sprotapening er samstarfsverkefni Hátækni- og sprotavettvangs, Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Samtaka íslenskra líftækni-fyrirtækja, Samtaka upplýsingatækni-fyrirtækja og Samtaka leikjafyrirtækja, þingflokka stjórnmalaflokka, ráðuneyta iðnaðar, utanríkis, mennta- og fjármála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs.

Á Hátækni- og sprotapeningi 2009 var varpað ljósi á framtíð hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi og ræddar áherslur í starfsskilyrðum þessara fyrirtækja sem þurfa að vera fyrir hendi til að sú framtíð geti orðið að veruleika. Tillögur um umbætur í starfsumhverfi fyrirtækjanna voru mótaðar í ellefu undirbúningshópum og ræddar í þingnefndum þingsins.

Framhald á bls. 6 og 7

14% vsk-þrepi harðlega mótmælt

Nokkur íslensk framleiðslufyrirtæki sendu opið bréf til allra alþingismanna 23. nóvember sl. þar sem þau óska eftir jafnrétti og réttlæti í þeirra garð, starfsfólks og viðskiptavina. Í bréfinu mótmæla fyrirtækin þeirri fyrirætlan stjórnvalda að flytja framleiðsluvörur þeirra úr 7% í 14% virðisaukaskattþrepi meðan aðrar matvörur verða áfram í 7% þrepinu. Þingmenn eru hvattir til að hverfa frá þeirri mismunun sem felst í því að velja að geðþótta sí og æ sömu vörur gamalgróinna íslenskra iðnfyrirtækja og skattleggja þær sérstaklega. Undir bréfið skrifuðu auk Samtakanna, Núi - Sírius, Kjarnavörur, Vífilfell, Frón, Ölgerðin, Kexsmiðjan, Góa, Katla og Freyja.

Sjá bréfið í heild sinni á vefsetri SI www.si.is.



Útistandandi kröfur

Í því árferði sem nú ríkir er mikilvægt sem aldrei fyrr að rekstraraðilar fylgist vel með útistandandi kröfum og þróun á greiðsluhæfi viðskiptavina sinna.

Til að auðvelda félagsmönnum SI þetta eftirlit hafa Samtökin gert samning við Creditinfo um aðgang að kerfum þeirra á sérkjörum. Samningurinn felur í sér 25% afslátt af mánaðargjaldi auk þess sem hægt er að fá ráðgjöf og greiningu á viðskiptasafni án endurgreiðslu. Þessi kjör gilda til 31. desember 2010. Ef félagsmaður er nú þegar í viðskiptum við Creditinfo getur hann óskað eftir að ganga inn í kjör SI. Allar nánari upplýsingar veitir Árni Henry Gunnarsson hjá Creditinfo í síma 550 9654 eða arnih@creditinfo.is

bls. 2

Skattarugl

bls. 3

Matvælaframleiðsla vægi og umfang

bls. 4

Matvæladagurinn 2009

bls. 11

Héðinn fræðir ungt fólk

bls. 12

Einfalt umhverfisstjórnunarkerfi

Skattarugl

Fjárlög ríkisins fyrir komandi ár verða afgreidd frá Alþingi á næstu vikum. Ríkisstjórnin hefur loksins sýnt spilin og boðað breytingar á skattkerfinu og stóruka skattheimtu.

Undanfarnar vikur hefur sérkennilegt sjónarspil verið sett á svið í þessum efnum og er gott að þeirri sýningu er að ljúka. Það er mikið áhyggjuefni hve hart er gengið að atvinnulífinu öllu og vegið að getu þess til að vaxa og dafna. Það er rík ástæða til að ætla að tekjur ríkissjóðs verði minni en ríkisstjórnin ætlar vegna þess að skattstofnarnir munu rýrna í stað þess að vaxa. Vaxandi skattstofnar eru ótvírætt heilbrigðismerki en fallandi hættumerki.

Óvarlegt er að beita einföldum töflureikningsaðferðum til þess að reikna hve mikið aukinn skattþungi gefur í aðra hönd. Framboð og eftirspurn ráða hér miklu. Kaupgeta almennings hefur dregist mikið saman og er enn að dragast saman. Framleiðendur á neytendavörumarkaði finna sannarlega fyrir þessu.

Breytingar til bölvunar

Margt er við boðaðar skattabreytingar að athuga frá sjónarhóli iðnaðarins en sýnu verst er þegar verið er að gera kerfisbreytingar sem eru klárlega til bölvunar. Hér verður látið nægja að staðnæmast við þá fyrirætlun að taka upp þriggja þrepa virðisaukaskatt og draga um leið matvælaframleiðendur og framleiðsluvörur þeirra í dílka.

Rétt er að rifja upp að árið 2007 náðist sá merki áfangi að öll matvæli voru sett í sama þrep virðisaukaskatts. Einnig var gerður góður skurkur í því að fella niður þann óþurftarskatt sem vörugjöld eru af stærstum hluta matvæla. Sú sæla stóð ekki lengi. Í vor var ákveðið að sækja fram að nýju og taka aftur upp sérstaka skatta á matvælaframleiðendur sem sjá landanum fyrir sóðavatni, ávaxtasafa, mjólkurkexi, súkkulaði og gosdrykkjum. Stjórnvöld sveipuðu sig skikkju hinnar umhyggjusömu neyslustýringar og kölluðu nýja skattinn sykurskatt og fóru þannig með hann í gegnum þingið gegn ítrekuðum mótmælum Samtaka iðnaðarins og ábendingum um aðrar leiðir. Þingmenn létu blekkjast.

Afturgöngur fara á kreik

Það sem gerðist var einfalt. Gamla vörugjaldskerfið var vakið upp frá dauðum og kerfið frá 2007 tekið upp að nýju nema skattaálagið var tvöfaldað - hvorki meira né minna! Skattlagningin hefur lítið sem ekkert með sykurlausar eða hafa hverfandi sykurrinnihald eru skattlagðar en á sama tíma eru stórir flokkar sætrar vöru vísitandi undanskildir vörugjaldinu.

Nú á enn að róa á sömu mið. Matvælin sem bera hið óréttláta vörugjald, framleiðendur þeirra og neytendur eiga enn að þurfa að sæta því að stjórnvöld geri þá að skotmarki. Enn á að auka misréttið með því að þau matvæli sem bera vörugjald verði flutt upp í nýtt 14% virðisaukaskattsþrep. Það er ekki einleikið hvernig stjórnvöld haga sér. Það er engu líkara en þau hafi sérstakt horn í síðu nokkurra gamalgróinna



Jón Steindór Valdimarsson
frankvæmdastjóri SI

íslenskra iðnfyrirtækja sem hafa þrugað hér í áratugi í harðri samkeppni við innflutning.

Endalaus barátta

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð barist gegn vörugjöldum sem voru fyrst lögð á til bráðabirgða fyrir 40 árum. Satt að segja héldu þau að búið væri að kveða niður þennan draug að mestu en sjá nú að því er ekki að heilsa. Samtök iðnaðarins hafa bent stjórnvöldum á að unnt sé að fara aðrar einfaldari og sanngjarnari leiðir ef þau vilja ráðast gegn sykurneyslu með skattheimtu. Það er einfaldlega með því að leggja skatt á allan sykurlaus sem fluttur er til landsins í hvaða formi sem er, þ.e. hreinan sykurlaus eða sykurrinnihald í tilbúnum vörum. Með þessu móti er tekist á við sykurrinn sjálfan án mismununar milli innlendra framleiðenda og vöruflokka annars vegar og milli innflutnings og innlendra framleiðslu hins vegar.

Enn verður látið á það reyna hvort unnt er að koma einhverju tauti við stjórnvöld í þessum efnum. Vonandi tekst að stöðva þessa vitaleysu í meðförum þingsins og koma í veg fyrir sannkallað skattarugl.

Nýir félagsmenn SI

Sauma Technologies Iceland ehf.
Þingási 20
110 Reykjavík

Huglausnir ehf.
Ármúla 36
108 Reykjavík

MindGames ehf.
Grandagarði 2
101 Reykjavík

SÁ Verklausnir ehf.
Frostaöld 181
112 Reykjavík

Mentis Cura ehf.
Grandagarði 7
101 Reykjavík

Matvælaframleiðsla - vægi og umfang

Vægi og umfang matvælaframleiðslu, og tilsvarendi iðnaðar, er á hverjum tíma beintengt við fólksfjölda og efnahagslega stöðu. Sambandið við fólksfjölda er augljóst vegna þess að líffræðilega takmarkað er hvað hver maður getur borðað. Tengsl matvælaíðnaðar við efnahaginn eru hins vegar margþættari.

Hlutfall af heildartekjum fer hækkandi

Í víðu samhengi má segja að því efnaðri sem þjóð er, þeim mun lægra hlutfall af heildartekjum fer til kaupa á matvælum. Á Íslandi í dag eyðir meðalfjöldskylda um 17% af neysluútgjöldum sínum í mat- og drykkjarvörur. Fyrir 10 árum var þetta hlutfall 22% og miklu hærra um miðja síðustu öld. Þessi breyting skýrist öðru fremur af miklum hagvexti og kaupmáttaraukningu. Í ljósi þess hver staða efnahagslífsins er um þessar mundir má fastlega búast við að þetta hlutfall fari aftur hækkandi enda hefur kaupmáttur dregist hratt saman á innan við einu ári.

Áhrif efnahags og gengisbreytinga á neyslusamsetningu

Breytingar í efnahag þjóðar hafa líka áhrif á neyslusamsetningu. Þegar rauntekjur lækka eykst eftirspurn gjarnan eftir ódýrari mat á meðan eftirspurn eftir matvælum sem flokka má sem lúxus dregst saman. Einnig virðist gæta þeirrar þróunar að eftirspurn eftir hvers kyns magnumbúðum eykst á meðan samdráttur er í dýrari afurðum sem hafa verið unnar meira. Þetta er skiljanleg þróun í ljósi efnahagsástands en kemur sér auðvitað illa fyrir mörg fyrirtæki þar sem framlegð í dýrari afurðum er gjarnan meiri.

Gengisbreytingar hafa líka veruleg áhrif á neyslusamsetningu. Ljóst er að samkeppnisstaða innlendra matvælaframleiðenda er mun betri þegar gengi krónunnar er veikt. Þannig veldur veik króna því sjálfkrafa að neysla færast í




Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

Skipting matvælaíðnaðarinnar



Velta í matvælaíðnaði án vinnslu sjávarafurða 2008



Heimild: Hagstofa Íslands

Matvælaíðnaður er einn umfangsmesti iðnaður landsins. Árið 2008 var velta í greininni 261 milljarðir króna en þar af var vinnsla sjávarafurða 157 milljarðir.

Veigamestu hlutar iðnaðarinnar eru mjólkur- og kjötiðnaður. Hins vegar hefur einna mestur vöxtur verið í drykkjarvöruiðnaði síðustu árin.

Miðað við margar aðrar atvinnugreinar heldur matvælageirinn að mestu sínum hlut. Einnig hefur samkeppnisstaða batnað við fall krónunnar og hlutur innlendra framleiðslu aukist.

Hagtólar iðnaðarinnar 2009

auknu mæli að innlendra framleiðslu. Við þetta bætist svo aukin vitund meðal almennings um að með því að kaupa innlenda framleiðslu er verið að standa vörð um störf á Íslandi og spara gjald eyri. Því er hins vegar ekki hægt að neita að vegna smæðar hagkerfisins erum við enn mjög háð innflutningi. Sem dæmi má nefna að um 2/3 af grænmeti sem neytt er í landinu er innflutt sem og mest allt korn.

Smekkur hefur einnig breyst í tímans rás og umdeilt hvort efnahagur hafi þar áhrif. Neysla á kjöti, eggjum og grænmeti hefur aukist jafnt og þétt á sama tíma og neysla á fiski, smjöri og nýmjólk hefur dregist saman. Vægi sælgætis og gosdrykkja hefur einnig aukist mikið og nefna má að frá árinu 1960 hefur neysla á gosdrykkjum á mann áttfaldast.

Tækifæri í útflutningi

Því er gjarnan velt upp hvort Ísland geti í auknu mæli verið útflytjandi á matvælum, sérstaklega í því ljósi að krónan er veik um þessar mundir. Auðvitað er allur sá fiskur sem fluttur er út frá Íslandi matvæli. Fyrstu sjö mánuði ársins nam útflutningur sjávarafurða 44,7% af vöruútflutningi eða fyrir 113 milljarða. Vægi iðnaðarinnar er 48,8% eða 124 milljarðir. Þar af nam útflutningur matvæla og áfengis 1,9 milljarði eða 0,7% af heildinni. Samkvæmt þessu vegur útflutningur á matvælum, að sjávarafurðum undanskildum, mjög lítið. Möguleikar Íslands til útflutnings á matvælum hljóta að vera fólgnir í einhverri sérstöðu en ekki síður að bjóða

upp á matvælatengda ferðapjónustu en tekjur af erlendum ferðamönnum má í vissum skilningi líta á sem útflutningstekjur.

Þrátt fyrir að vega lítið í útflutningi, er efnahagslegt vægi greinarinnar afar mikið. Árið 2008 var velta í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði 258 milljarðir en vissulega er stór hluti þeirrar upphæðar tengdur vinnslu sjávarafurða. Matvælaíðnaðurinn er einnig nátengdur landbúnaði enda er framleiðsla bænda uppi staðan í hráefnum hans.

Í þeim efnahagsshremmingum sem nú ganga yfir berjast mörg fyrirtæki og heimili í bökkum. Matvælaframleiðsla er líklegri en margar aðrar greinar til að standa storminn af sér enda munum við halda áfram að borða hvað sem gengur á í efnahagslífinu en vissulega þarf iðnaðurinn að laga sig að breyttum aðstæðum.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarinnar
11. tbl. 15. árg. Nóvember 2009
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 25.11.2009
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plástpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Rakel Pálsdóttir
Prófarkalestur: Rakel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í sílikum tilvikum.

MATVÆLA DAGURINN 2009

Matvæladagur MNÍ var haldinn í 17. sinn 15. október síðastliðinn. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Matvælaframleiðsla og gjaldeyrissköpun“ en hana sóttu um 100 manns. Fundarstjóri var Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Nýlands.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, setti ráðstefnuna og lýsti við það tækifæri ánægju sinni með yfirskrift dagsins, því nú sem aldrei fyrr þyrfti að leggja áherslu á landsins gæði og innlenda matvælaframleiðslu og spara þannig gjaldeyri. Ráðherra nefndi að í heiminum væri sívaxandi þörf fyrir matvæli og við Íslendingar þyrftum að leita allra leiða til að vera veitendur frekar en þiggjendur í matvælaviðskiptum heimsins.

Þórólfur Matthíasson, prófessor, fjallaði um innlenda matvælaframleiðslu í sögulegu, efnahagslegu samhengi. Í máli hans kom fram að á 17. og 18. öld var landbúnaður á Íslandi talinn geta framfleytt 40-50 þúsund manns. Miðað við sömu forsendur nú má meta frumframleiðslu Íslendinga, matvæli sem land og haf geta gefið af sér nægilega til að fæða 600 þúsund manns.



Laufey Steingrímsdóttir, prófessor, skoðaði neyslumynstur íslenskra neytenda. Hún taldi styrk innlestrar matvælaframleiðslu einkum felast í góðu og heilnæmu hráefni og jákvæðu viðhorfi neytenda. Sóknarfærin væru helst í framleiðslu á ýmis konar heilsu- og sérvöru t.d. úr íslenskum rúgi eða bygg, jurtum og berjum að ótöldu sjávarfangi, kjöti og mjólk. Innlend matvælaframleiðsla væri hinsvegar mjög háð innflutningi á áburði, olíu, tækjum og öðrum aðföngum. Mikilsvert væri að auka innlenda fódurframleiðslu til að spara gjaldeyri.

Kristján Hjaltason, ráðgjafi í sjávar-

útvegi, fjallaði um verðmætasköpun í fiskveiðum og vinnslu. Hann benti á mikil tækifæri til verðmætaaukningar sem felast í fullvinnslu sjávarafurða hér á landi. Kristján sýndi dæmi um 50% verðmætaaukningu síldaraflans ef hægt væri að vinna hann til mannelis (frysting og söltun) í stað bræðslu.

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, skoðaði tengsl innlenda matvælaíðnaðarinnar við efnahaginn. Samantekt á erindi Bjarna er að finna á blaðsíðu þrjú.

Jonathan Banks, sérfræðingur í viðskipagreiðningu hjá Nielsen Company í Bretlandi, flutti erindi um kauphegðun neytenda í efnahagslægd. Jonathan sagði að markaðskannanir hefðu leitt í ljós miklar sveiflur eftir hrunið síðastliðið haust. Neytendur hefðu í miklum mæli snúið sér að lágvörverslunum og vörum á tilboði. Þessi breyting hefði svo að nokkru gengið til baka á þessu ári, þ.e. merkjavörur náð sér á strik aftur. Seljendur hefðu einnig talið það „vera við hæfi“, fyrst eftir hrunið, að bjóða upp á ódýrari vörur. Áfram er mikið framboð, og eftirspurn, eftir tilboðsvörum en eftirspurn eftir merkjavörum fer þó vaxandi um leið og rofar til í efnahagsmálum. Jonathan varaði matvælaframleiðendur mjög við að draga úr nýsköpunar- og markaðsstarfi, þrátt fyrir kreppuna, en rannsóknir sýna að þeir sem halda sínu striki á þessum sviðum standa margfalt betur að vígi þegar uppsveiflan hefst.

Inga Þórisdóttir, prófessor og deildarforseti hjá HÍ, fjallaði um heilsufullyrðingar sem tækifæri fyrir íslenska matvælaframleiðendur. Hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) stendur nú yfir mat á miklum fjölda umsókna um notkun heilsufullyrðinga. Stofnunin gerir



„**FJÖREGG MNÍ**“ var veitt á Matvæla-deginum fyrir lofsvert framtak á matvæla og næringarsviði. Beint frá býli – Félag heimavinnsluáðila hlaut viðurkenninguna að þessu sinni fyrir áræði til auka verðmæti afurða sinna.

Hlédís Sveinsdóttir, formaður Beint frá býli, veitti verðlaunum viðtöku úr


hendri Ragnheiðar Héðinsdóttur, forstöðumanns matvælasviðs SI.

„Fjöreggið“ er íslenskt glerlistaverk, hannað og framleitt hjá Gleri í Bergvík. SI gáfu verðlaunagripinn. Aðrir tilnefndir voru:

Mjólkursamsalan fyrir vörupróunarstefnu með tilliti til hollustu og heilbrigðis neytenda, Ólafur Eggerts-

son á Þorvaldseyri fyrir frumkvöðlastarf við ræktun og markaðssetningu á íslensku bygg og hveiti til mannelis, Síldarvinnslan Neskaupstað fyrir brautryðjendastarfi í vinnslu uppsjávarfisks til mannelis og Sölufélag garðyrkjumannanna fyrir nýjungar í framboði á fersku, íslensku grænmeti.

Hollur matur fyrir skólabörn



Brúum þekkingarbil með fræðslu, jákvæðu viðhorfi og auknum samskiptum

Hjá Samtökum iðnaðarins er nú unnið að norrænu samstarfsverkefni. Markmiðið er að auka úrval girnilegra og vel samsettra máltíða fyrir skólabörn og skapa um leið jákvætt viðhorf til hollra matarvenja. Verkefnið hefur nú staðið yfir frá ársbyrjun og afrakstur byrjaður að koma í ljós.

Byrjað var á að skoða hvernig staðið er að skólamáltíðum á öllum Norðurlöndunum. Algengast er að sveitarfélög séu ábyrg fyrir skólamáltíðunum á einn eða annan hátt. Ýmist er matur eldaður á staðnum eða í miðlægum eldhúsum og hitaður upp í skólanum, rétt eins og hér. Þróunin hefur fremur verið í átt til miðlægra eldhúsa sem eru í sumum tilvikum rekin af sveitarfélögnum sjálfum en annars af einkaaðilum. Finnar og Svíar hafa langa reynslu af skólamáltíðum, en í Danmörku og Noregi hefur tíðkast að börn komi með nesti með sér, bæði í leikskólum og grunnskólum. Á þessu er þó að verða breyting í Danmörku en breytingar ekki fyrirsjáanlegar í Noregi í næstu framtíð.

Matvæladagurinn 2009

mjög strangar kröfur og langflestum umsóknunum er hafnað.

Hörður Kristinsson, sviðsstjóri hjá Matís ohf. flutti erindi um framleiðslu lífefna úr íslensku sjávarfangi. Hörður sagði að mikill áhugi og eftirspurn væri nú eftir náttúrulegum, lífvirkum efnum og þar ættum við mikla möguleika. Framtíðin er björt, sagði Hörður, en lagði jafnframt áherslu á að í þessum „bransa“ þurfi þolinmótt fjármagn, skilning stjórnvalda, samstarf stofnana og einkafyrirtækja og umfram allt mikla þolinmæði.

Í tengslum við ráðstefnuna gaf Matvæla- og næringarfræðafélagið út blaðið „**Matur er mannsins megin**“. Þar eru margar áhugaverðar greinar, tengdar matvælum og næringu. Hægt er að nálgast blaðið á vefsetri félagsins á slóðinni www.mni.is.

Hér á landi var haldinn fundur með hagsmunaaðilum í maí. Þar kom fram að góðar opinberar ráðleggingar eru til um næringarsamsetningu skólamáltíða og leitast er við að fara eftir þeim en erfitt að hafa stjórn á því að börnin borði af öllu sem er í boði. Sveitarfélögin leggja nú allt kapp á að draga úr kostnaði við skólamáltíðir og víða eru matarinnkaup boðin út. Útboðin mælast misjafnlega fyrir. Bæði matvælaframleiðendur og starfsmenn mötuneyta óttast að verð fremur en gæði ráði því hvaða tilboðum er tekið.

Nefnd voru dæmi um mjög vel heppnuð verkefni s.s. „Allt hefur áhrif einkum við sjálf“ hjá Lýðheilsustöð og samstarf Rannsóknþjónustunnar Sýni við grunnskóla og leikskóla í Mosfellsbæ. Þá hafa sveitarfélög staðið fyrir fundum með starfsfólki mötuneyta þar sem skipst er á upplýsingum um hagkvæm innkaup og matreiðslu hollra rétta. Þá var lögð áhersla á mikilvægi þess að kennarar borði með börnunum og að matarsíðir verði hluti af kennslu.

Helstu vankanta á skólamáltíðum töldu menn vera vanþekkingu á matvælum bæði meðal starfsmanna sveitarfélaga, sem gera útboðslýsingar, og í fjölmiðla-



Ragnheiður Héðinsdóttir
forstöðumaður matvælasviðs SI

umræðu, fordóma gagnvart tilteknum vörum, s.s. unnum kjötvörum og lélega aðstöðu, þrengsli og hávaða í mötuneytum.

Lærdómsríkt er að skoða þróun og umgjörð um skólamáltíðir í Finnlandi. Þar er skýrt í lögum að öll börn frá 6-19 ára aldurs eiga að fá ókeypis, hollan mat í skólum. Kennarar borða með börnunum í neðri bekkjum (6-12 ára) til að tryggja að þau læri góða borðsíði og borði rétt samsett fæði.

Það er samdóma álit allra þátttakenda í þessu verkefni að lykiltríði sé að skólabörn borði undir leiðsögn fullorðinna til að tryggja að markmið um rétta samsetningu máltíðarinnar náist. Sá háttur er t.d. hafður á, á leikskólum hér á landi, þar sem litíð er á máltíðina sem mikilvægan hluta af uppeldis- og skólustarfinu.

Stórelldhúsið

Sýningin stórelldhúsið 2009 var haldin á Grand Hótel Reykjavík um síðustu mánadagmót. Þar kynnti fjöldi fyrirtækja vörur sínar og þjónustu við stórelldhús. Þar á meðal voru margir félagsmenn Samtaka iðnaðarins. Sýningin var öll hin glæsilegasta og greinilegt að fyrirtækin leggja mikinn metnað í alla framsetningu. Fyrirtækið Bóka- og blaðaútgáfan stóð fyrir sýningunni, sýningarstjóri var Ólafur M. Jóhannesson.



Móðir náttúra



Sláturfélag Suðurlands



Kaffitár í jólasþapi



Hollt og gott



Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP og gestgjafi fundarins bauð þingesti velkoma og síðan setti iðnaðarráðherra Katrín Júlíusdóttir þingið. Hún sagði meðal annars tíma hátækni- og sprotafyrirtækja kominn. Hún sagðist vilja reyna að standa undir „öllum kröfum um að verja og helst efla opinbera samkeppnissjóði til verkefna í atvinnulíf- inu, gera stoðkerfi atvinnulífsins markvissara og skilvirkara og styðja þannig við nýsköpun og sprotastarf“.

Uppbygging, tölfræði og starfsskilyrði hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi

Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður Samtaka Sprotafyrirtækja og framkvæmdastjóri Marorku ehf. fjallaði um stöðu og starfsumhverfi hátækni- og sprotafyrirtækja undanfarin ár. Hann lagði áherslu á að skoða þurfi atvinnulífið á Íslandi heildstætt og hvernig megi þróa stöðugleika og traust „án umskipta, hruns, kreppu og umbýltinga“. Hér þurfi langtímahugsun og skýra stefnumótun.

Bjarni Gylfason, hagfræðingur SI rakti þróun hátækniíðnaðar í tölum. Meðan uppsveiflan í fjármálakerfinu og ofurgengi íslensku krónunnar var alls ráðandi áttu vöxtur og þróun útflutnings hátækniyrirtækja erfitt uppdráttar, enda tóku stærri fyrirtækin fyrst og fremst út vöxt sinn erlendis meðan minni fyrirtækin þurftu að fara sér mun hægar og bíða af sér erfið starfsskilyrði. Nýjar tölur sem fengnar eru beint frá fyrirtækjunum sýna

að mörg fyrirtæki eru að taka góðan kipp og vaxa hratt, sérstaklega eftir að fjármálakreppan skall á.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, kynnti ný lagafrumvörp um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Endurgreiðsla rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalegir hvatar til að örva fjárfestingar í hátækni- og sprotafyrirtækjum sem lagafrumvörpin fela í sér hefur margoft verið raðað efst á forgangslista stefnumótunarhópa í hátækniíðnaði. Lagafrumvörpin voru síðan til umfjöllunar í einni af þingnefndum þingsins síðar á dagskránni.

Framtíðarsýn og áhersluverkefni helstu starfsgreina í hátækniíðnaði

Að loknum erindum kynntu fulltrúar sex hátækni- og sprotafyrirtækja framtíðarsýn og áherslur í sinni grein. Gunnlaugur Hjartarson, Iceconsult kynnti framtíðarsýn í orku- og umhverfistækni, Ásgeir Ásgeirsson, Marel í vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu, Sigríður Valgeirsdóttir, Roche NimbleGen í líftækni, Baldur Þorgilsson, Kine í heilbrigðistækni, Jónas Antonsson, Gogogic í leikjaiðnaði og Þórólfur Árnason, Skýrr í upplýsingatækni. Í framangreindum framsöguerindum var að varpað ljósi á framtíð hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi og kynntar áherslur í starfsskilyrðum þessara fyrirtækja sem þurfa að vera fyrir hendi til að sú framtíð geti orðið að veruleika.

Hátækni og sprotafyrirtæki

Þingnefndarfundir

Meginkjarni þingsins voru þingnefndirnar. Í þingnefndum eru lagðar fram og ræddar tillögur um að bæta starfsskilyrði hátækni- og sprotafyrirtækja sem eiga erindi við stjórnvöld og þingmenn Alþingis. Þingnefndartillögur sem höfðu verið unnar í aðdraganda þingsins af undirbúningshópum, voru kynntar af málshefjanda sem var í flestum tilfellum fulltrúi fyrirtækis með góða þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þingnefndir voru tvenns konar – annars vegar starfsgreinatengdar og hins vegar málefna- tengdar á neðangreindum sviðum.

Þingnefndartillögur

1. Orku og umhverfistækni
2. Vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu
3. Líftækni
4. Heilbrigðistækni
5. Upplýsingatækni
6. Leikjaiðnaður
7. Endurgreiðsla R&P kostnaðar og skattalegir hvatar fyrir fjárfesta
8. Uppbygging sprotafyrirtækja – stuðningsumhverfið
9. Efling Tækniþróunarsjóðs – fjármögnun, verkefnamat og ferli innkaup – PP aðferðafræði
10. Nýsköpun í tengslum við opinber innkaup – PP aðferðafræði
11. Stuðningur við útflutningsstarfsemi – ímynd Íslands

Málshefjendur kynntu síðan niðurstöður umræðna í þingnefndum í þinglok. Meðal tillaga og ábendinga sem fram komu í þingnefndum um einstök mál má lesa eftirfarandi skilboð til stjórnvalda.

- Fagnað er framkomnum frumvörpum til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki í formi endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata fyrir fjárfesta, en skoða þarf betur viðmiðunarmörk og



Tækni Þing 2009

ferli í nokkrum greinum frumvarpanna áður en þau verða að lögum um næstu áramót.

- Þrefalda þarf framlög til Tækniþróunarsjóðs og endurskoða skípulag, aðgengi og ferli með aukna verðmætasköpun og útflutning tækni- og þekkingarlausna að leiðarljósi.
- Nýta þarf vel öll tækifæri til nýsköpunar og þróunar nýrra og hagkvæmari lausna sem geta hentað til útflutnings í tengslum við stærri opinberar fjárfestingar, m.a. í heilbrigðis- og menntakerfinu og í orku- og umhverfismálum.
- Straumlínulaga þarf stuðnings-, upplýsinga- og þekkingarumhverfi nýsköpunar með hraða uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja að markmiði.
- Stórefla þarf stuðning við útflutningsstarfsemi tækni- og nýsköpunarfyrirtækja og treysta ímynd Íslands á erlendum mörkuðum, m.a. á grunni nýsköpunar, þekkingar og sjálfbærni.

Helgi Magnússon formaður SI sleit þinginu með nokkrum lokaorðum, þar sem hann lagði áherslu á samstöðu atvinnulífsins í þeirri endurreisn sem framundan er.

Góður hugmyndasjóður

Við blasir þörf á gagngerrni endurnýjun og endurreisn íslensks atvinnulífs eftir hrun fjármálakerfisins í október 2008. Þar ætla hátækni- og sprotafyrirtæki að leggjast fast á árar.

Þingnefndartillögurnar ásamt þeim umræðum sem fram fóru í þingnefndunum eru góður hugmyndasjóður fyrir alþingsmenn, stjórnvöld og stuðningsumhverfi um umbætur í starfsskilyrðum hátækni- og sprotafyrirtækja sem vega þungt í endurreisn og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Áfram verður unnið úr



fundargerðum og gögnum þingsins og mótaðar tillögur í framhaldinu og fylgt eftir m.a. á Hátækni- og sprotavettvangi. Ef vel er að verki staðið getur sú uppbygging, sem þarna er lýst, orðið ein meginstoð hagvaxtar á Íslandi á komandi árum og jafnframt orðið sú leið sem best getur tryggt lífeyrissjóðum og öðrum

fjárfestum háa ávöxtun eigna sinna í framtíðinni. Grunnur að þessari uppbyggingu felst í að á Íslandi dafni fjölbreytt flóra arðvænlegra hátækni- og sprotafyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu röð!

Nánari umfjöllun um þingið á vefsetri Samtakanna www.si.is.



Norðurlandamót kaffibarbjóna miðpunktur fræðslu og sköpunar



Lokaði NASDAQ

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar hf., lokaði NASDAQ markaðnum við Times Square í New York og var það viðeigandi því Össur fagnar um þessar mundir 10 ára skráningarafmæli sínu. Fyrirtækið var skráð í Kauphöllina í október 1999 og héldu Jón og starfsfólk Össurar til New York af því tilefni. NASDAQ hefur um árabíl boðið skráðum fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum að opna eða loka markaðnum í Market-Siturninum á Times Square sem er orðið þekkt kennileiti á Manhattan og eykur atburðurinn tvímælaust á sýnileika þeirra fyrirtækja sem taka þátt.

Um miðjan september sl. var blásið til árlegrar liðakeppni milli Norðurlandabjódanna í kaffigreinum undir heitinu Nordic Barista Cup (NBC). Þetta mót var fyrst haldið árið 2003 með það að markmiði að kaffibarbjónar, brennslumeistarar, kaffihúsaeygndur og aðrir tengdir sælkerakaffi geti komið saman, lært eitthvað nýtt og haft gaman. Það skapast því ákveðið samfélag á meðan mótinu stendur. Skipuleggjendur keppinnar fengu mikla hjálp viðsvegar að úr íslensku menningarlífi, hvort sem það var á sviði lista, framleiðslu eða raungreina.

Á fyrsta deginum hélt Helga Guðrún Johnson, frá Ó. Johnson & Kaaber, innihaldsríka tölu um sögu kaffis á Íslandi og brennslu og uppáhellingu í heimahúsum áður en stóru kaffibrennslurnar komu til sögunnar á fjórða áratug 20. aldar.

Verkfræðinemar frá HÍ voru fengnir til að hanna einfaldan kaffibrennsluofn og kvörn, sem liðin áttu að setja saman og brenna og mala eftir kúnstnarinnar

reglu. Sýndu þeir þar með að hugmyndin um að brenna sitt eigið kaffi er alls ekki galin, ef vel tekst til. Liðin fengu einn listamann hverjir fyrir sig í lið með sér, ljósmyndara, vöruhönnuð, fatahönnuð, vídeólistamann og myndlistarmann. Með þeim áttu liðin að skapa verk sem tengdist mótinu og voru verkin síðan boðin upp á lokadegi mótsins.

Tilraunamenskunni var gefinn laus taumur og Bruggúsið Ölvisholt að Ölveri tók sig til og bruggaði kaffibjór sérstaklega fyrir mótið sem vakti mikla lukku hjá þeim sem smökkuðu. Bjórinn verður þó ekki settur á markað á Íslandi sökum lagasetninga um takmörk koffíninnihalds í bjór. Því var hér að finna fágætt og dýrmætt tækifæri til að prófa nýjung sem á sér fáar hliðstæður.

Það sem einkenndi Norðurlandamótið, þegar saman er tekið, var nán samvinna og þekkingarmiðlun sem setti að vera fyrirmynd að frekara samstarfi milli ýmissa aðila í sælkerageira iðnaðarins.

Aðalheiður Héðinsdóttir



Aðalfundur haldinn í ný-opnuðu frumkvöðlasetri

Aðalfundur Samtaka íslenskra líftækni-fyrirtækja var haldinn á dögunum. Kosinn var nýr formaður samtakanna, Jóhannes hjá Genís. Þá gekk Ása Brynjólfsdóttir hjá Bláa Lóninu heilsuvörum í stjórn og Jakob K. Kristjánsson hjá Prókatín situr áfram í stjórninni. Einar Mäntylä hjá ORF Líftækni eru þökkuð vel unnin störf en hann hefur setið í stjórn SÍL í fimm ár, seinustu tvö árin sem formaður. Aðalfundur SÍL var að þessu sinni haldinn í KÍM Medical Park sem opnaði formlega 4. nóvember sl. Fyrirtæki innan raða SÍL sem hafa þar aðsetur kynntu starfsemi sína, en þau eru, SagaMedica sem framleiðir heilsuvörur úr íslenskum jurtum, Lí-Hlaup og Genís sem vinna bæði að lyfjarannsóknunum og svo Prókatín sem þróar aðferðir til hreinsunar mengunarefna með líftækni- legum aðferðum

Kím - Medical Park er frumkvöðlasetur fyrir fyrirtæki í heilbrigðisæðni og skyldum greinum og er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og iðnaðar-ráðuneytisins. Nú þegar hafa 12 fyrirtæki með 35 starfsmenn aðstöðu í Kím.



Íslenskt sælgæti já takk

Um 100 tonn af íslensku sælgæti er flutt út árlega. Það eru Nói Sírius og Freyja sem selja mest úr landi af íslensku sælgætisframleiðendum. Í frétt á mbl.is í október sl. kom fram að forsvarsmenn fyrirtækjanna verða varir við mikinn áhuga erlendis frá en þau selja mikið til Norðurlandanna auk þess

sem Nói selur m.a. til Whole Foods í Bandaríkjunum.

Þeir segjast verða varir við vaxandi áhuga erlendis frá á íslensku sælgæti, sérstaklega síðasta ár. Þá sé ekki bara aukning á sölu sælgætis til útlanda heldur telja þeir að söluaukning hér á landi síðasta árið sé um 25%.

Pórólfur Árnason endurkjörinn

Pórólfur Árnason, var endurkjörinn formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja - SUT. Þá voru þeir Guðmar Guðmundsson, fjármálastjóri TM Software, Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP og Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar, endurkjörnir til næstu tveggja ára. Fyrir sitja í stjórninni þau Daði Friðriksson, framkvæmdastjóri Tölvumiðlunar, Jón Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri TrackWell Software og Sigrún Eva Ármannsdóttir, framkvæmdastjóri Eskils, en þau voru kjörin í fyrra til tveggja ára.



Samtök upplýsingatæknifyrirtækja eru starfrækt undir Samtökum iðnaðarins en innan SUT eru fimmtíu fyrirtæki í upplýsingatækniiðnaði með á annað þúsund starfsmönnum.

Skúlaverðlaunin 2009 afhent

Fríða Jónsdóttir gullsmiður hlaut Skúlaverðlaunin 2009 fyrir verkið „Fjölin hennar ömmu“ í október sl. á sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsinu. Fríða hannaði skartgripalínu sem byggir á munstrum í fjöl sem amma hennar skar út.

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri afhenti verðlaunin sem eru styrkt af Samtökunum. Efnt var til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í sýningunni. Rúmlega fjörutíu tillögur bárust frá 22 aðilum. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem er frumkvöðull smáíðnaðar í Reykjavík.

Faglega valnefnd skipuðu Anna Snædís Sigmarsdóttir myndlistarmaður og kennari við Tækniskóla Íslands og Helga Björg Jónasardóttir vörühönnuður. Niðurstaða valnefndarinnar var að veita tvær viðurkenningar auk Skúlaverð-



launanna. Inga Elín fékk viðurkenningu fyrir verkið „Skeljar“ sem eru kertastjappar úr þunnu postulínu og Margrét Guðnadóttir fékk viðurkenningu fyrir verkið „Hangandi hnoðri“ sem er spiladós úr íslenskri óklipptri gæru.

Víðtæk ábyrgð byggingarstjóra

Með dómi Hæstaréttar 5. nóvember sl. var byggingarstjóri dæmdur til að greiða íbúðareigendum skaðabætur vegna galla á fjöleignarhúsi.

Í dóminum, sem var fjölskipaður, var því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli ekki aðeins að sjá til þess að byggt sé í samræmi við samþykka uppdætti, lög og reglugerðir, heldur einnig skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar, sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi, sbr. 3 mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Af hálfu byggingarstjóra var því m.a. haldið fram að hann bæri ekki faglega ábyrgð á því sem kynni að hafa farið úrskeiðis við byggingu hússins. Ábyrgð byggingarstjóra tæki eingöngu til þess að byggt væri í samræmi við samþykka uppdætti, lög og reglugerðir. Ábyrgðin næði ekki til faglegra mistaka starfsmanna eða verktaka á vegum byggjanda. Hæstiréttur féllst ekki á þessa röksemd hans í málinu. Niðurstaða Hæstaréttar í þessu máli er í samræmi við niðurstöðu réttarins í máli nr. 267/2005 frá 20. desember 2005. Sjá nánar dóm Hæstaréttar frá 5. nóvember sl.

Bráðvantar nýjar ódýrari íbúðir á markaðinn

Eitt af því sem skapar núverandi vanda á nýbyggingamarkaði er lítið framboð af ódýru húsnæði. Nægt fjármagn, mikil kaupgeta og hækkandi lóðaverð síðastliðin ár varð til þess að of mikið var byggt af stórum lúxusíbúðum. Skipulagsyfirvöld þurfa því að hugsa dæmið upp á nýtt og bjóða lóðir þar sem hægt verður að byggja 2ja og 3ja herbergja íbúðir á ódýrari hátt en verið hefur, m.a. með því að lækka lóðaverð og færa bílastæði upp á lóðir til að losna við dýra bílakjallara.

Fjölmíðar hafa undanfarið flutt fréttir af því að allt sé fullt af óseldum nýjum íbúðum og því þurfi ekkert að byggja fyrr en um mitt ár 2011.

Ekki skal gert lítið úr því að á markaðinum er mikið til af óseldum íbúðum en þegar farið er að tala um að allt að 3200 íbúðir séu tilbúnar eða nær tilbúnar er rétt að staldra við. Tölurnar sem vitnað er í eru unnar af VSÓ og Landsbankanum, í þeim kemur fram að 1.474 íbúðir séu tilbúnar undir tréverk eða lengra komnar, 798 fokheldar og hafin sé uppsteypa á 914 íbúðum. Það getur varla talist nánast fullbúin íbúð sem aðeins er komin með sókkla. Að klára 798 fokheldar íbúðir og til viðbótar 914 íbúðir sem eru í uppsteypu er mikið verk sem margar hendur þurfa að vinna. Því er alrangt að tala um að ekkert þurfi að byggja.

Það er líka alrangt að gefa sér að ekki þurfi að hefja byggingu á nýjum íbúðum fyrr en núverandi lager af eldra húsnæði hefur verið seldur. Algengur byggingatími fjölbýlishúss er eitt og hálf ár, þess vegna þarf að byrja að byggja áður en núverandi lager er búinn auk þess sem ekkert óeðlilegt er við það að eitthvað sé til af óseldu húsnæði á hverjum tíma.



Héðinn fræðir ungt fólk

Nýlega kom um 20 nemenda hópur úr Ölduselsskóla í heimsókn til málmíðnaðarfyrirtækisins Héðins í Hafnarfirði. Forstjórinn, Guðmundur Sveinsson, tók á móti hópnum, fræddi unga fólkkið um fyrirtækið og leiddi það um sali. Samtök iðnaðarins skipulögðu heimsóknina og leigðu rútu.

Héðinn er í nýjum, glæsilegum 5.000 fermetra húsakynnum í Hafnarfirði. Hjá fyrirtækinu starfa á annað hundrað manns, flest fagmenntaðir málmíðnar-menn og tæknifólk með háskólamenntun. Verkefni Héðins eru margbreytileg, yfirleitt stór og dýr. Héðinn þjónar fyrirtækjum og opinberum aðilum, síður einstaklingum og heimilum. Meðal verkefna Héðins er nýsmíði mjölvinnsluverksmiðja, viðgerðir á skipum, og vélum og tækjum í álíðnaði. Þjónusta við sjávarútveginn hefur frá upphafi myndað kjarnann í starfsemi Héðins, eða frá stofnun fyrirtækisins árið 1922. Héðinn hefur verið umboðsaðili Rolls-Royce Marine frá árinu 1999, en það er hluti af Rolls-



„Það er skrítið hvað það eru fáar konur sem vinna hérna.“
(Elínborg Anna)



Royce Plc, einni stærstu fyrirtækjasamstæðu heims.

Nemendurnir, sem eru í 10. bekk, hlýddu á Guðmund forstjóra segja frá starfsemi. Síðan gekk hann með hópinn um sali fyrirtækisins og sýndi starfsemiina í öllu sínu veldi. Ungu fólkkið var áhugasamt, spurði margra spurninga og þótti greinilega mikið til um.



„Sumir fá að vinna á Kanaríeyjum. Það er frábært! Alltaf í sólinni!“
(Jóhannes Davíð)

Fyrirtæki laði til sín framtíðarstarfsfólk

Samtök iðnaðarins vinna stöðugt að því að upplýsa ungt fólk um menntun og störf í iðnaði, ein og sér og í samstarfi við aðra; t.d. með ímyndarauglýsingum og upplýsingum um nám og störf. Hér gildir að vanda vel til verka. Ekki er allt fengið með því að reyna að ná eyrum allra heldur skiptir miklu máli að tefla saman þeim sem eru móttækilegastir og hafa brennandi áhuga á málefnum. Þessi heimsókn nemenda úr Öldusels-



Arnar Þorsteinsson, starfs- og námsráðgjafi við Ölduselsskóla:

Hvernig er hægt að bæta samstarf starfs- og námsráðgjafa og fyrirtækja?

„Nemendur á grunnskólaaldri þekkja ekki vel fjölbreytileika atvinnulífsins og tengslin á milli náms og starfs.“

Heimsókn á borð við þá sem við fórum í Héðin er ekki eingöngu skemmtileg tilbreyting í skólastarfinu heldur opnar hún einnig alls kyns möguleika í áframhaldandi vinnu. Náms- og starfsfræðsla, sem kennd er í samstarfi við raunveruleg fyrirtæki, verður hvort tveggja: lifandi og fjölbreytileg.

Mig grunar að beint samstarf náms- og starfsráðgjafa og fyrirtækja geti ýtt undir metnað nemenda og að þeir sjái frekar tilgang með mörgu því sem þeir eru að læra.“

skóla er dæmi um vel heppnaða tilraun til að upplýsa ungt fólk um framtíðar-tækifæri í iðnaði. Hér reið á vaðið áhugasamur námsráðgjafi, Arnar Þorsteinsson. Í hópnum voru eingöngu nemendur sem höfðu valið að kynna störfum og einstökum fyrirtækjum. Og síðast en ekki síst var forstjóri fyrirtækisins áhugasamur um að kynna fyrirtæki sitt. Guðmundur telur það skyldu sína því þannig stuðli hann að æskilegri nýliðun í málmíðngreinum. Hér sé tækifæri til að laða að framtíðarstarfsfólk.

Til eftirbreytni

Ef þetta verkefni kveikir hugmyndir hjá stjórnendum fyrirtækja eða hjá kennurum og námsráðgjöfum þá vinsamlegast hafi þeir samband við Inga Boga Bogason hjá Samtökum iðnaðarins, (s. 824 6126, ingi.bogi@si.is). Samtök iðnaðarins eru reiðubúin að vinna með áhugasömum aðilum, námsráðgjöfum og fyrirtækjum, við að kynna nám og störf í iðnaði.



Einfalt umhverfisstjórnunarkerfi

Þeir sem vinna með umhverfismál velta stundum fyrir sér af hverju umhverfisstjórnunarkerfi eru ekki vinsælli hérlendis en raun ber vitni. Ein ástæðan er talin vera sú að íslensk fyrirtæki eru mörg hver lítil og kerfin sem í boði eru henta betur stærri fyrirtækjum.

Verkefninu EMS-light er ætlað að mæta þörf á einföldu umhverfisstjórnunarkerfi. Verkefnið var unnið fyrir norrænu ráðherranefndina og tekur mið af þörfum lítilla fyrirtækja í litlum samfélögum.

Fjögur fyrirtæki tóku þátt í verkefninu og fengu afhenta frumútgáfu af kerfinu. Rággjafar aðstoðuðu við söfnun gagna og að skilgreina hvað ætti að fara inn í kerfið. Haldin var málstofa við upphaf verkefnis og aftur í lokin.

Á lokafundi verkefnisins kom fram ánægja þeirra sem prófað höfðu kerfið.



Það hafði reynt vel við að halda utan um upplýsingar og til þess að fá yfirsýn yfir tölur og gögn sem annars eru ekki teknar saman í fyrirtækjum. Mestu máli skiptu ýmsar breytingar sem gerðar voru á verklagi. Frumlegar hugmyndir komu fram um hvernig mætti minnka sorpmagn t.d. með endurnotkun umbúða,

bættri meðhöndlun rekstrarafganga og svo minni notkun á ýmsum hráefnum. Dæmi voru um að vatnsnotkun minnkaði. Nokkrir höfðu hugað að dreifingu á vörum og skipulagi þjónustu, gert það skilvirkara og minnkað þannig losun gróðurhúsalofttegunda.

Hægt er að nálgast kerfið hjá Samtökum iðnaðarins

Auðskiljanlegt kerfi sem eykur eftirfylgni

MS-Selfossi hefur haldið utanum „grænt bókhald“ meira eða minna síðan 1998. EMS-Light var vel þegið verkefari til að halda utan um þessar skráningar.

Þeirra reynsla er að betra sé að safna saman upplýsingar frá „raunmælingum“ í stað þess að taka upplýsingar frá reikningum. Oft þarf að færa milli mánaða ef reikningar eru notaðir.

MS-Selfoss heldur utan um eftirfarandi þætti:

- Vatnsnotkun (heitt og kalt vatn)
- Úrgang (kg)
- Þvottaefnanotkun
- Eldsneytisnotkun
- Rafmagnsnotkun

Að mati MS-Selfoss eru kostir kerfisins að það er auðskiljanlegt og eykur eftirfylgni með umhverfisþáttum sem að auki verður reglulegt. Kerfið gefur einnig meiri möguleika á að hægt sé að bregðast strax við frávikum. Árleg samantekt er mjög auðveld og upplýsingaflæði til stjórnenda eykst. Helsti ókostur kerfisins er að það er hannað fyrir minni fyrirtæki.



Góð fyrirmynd í umhverfismálum

Kaffitár tók þátt í verkefninu til að ná betur utan um skráningar á umhverfisþáttum eins og orkunotkun og sorpi. Fyrirtækið vill vera góð fyrirmynd í umhverfismálum og sýna það í verki.

Dæmi um hvernig Kaffitár minnkaði sorpmagn og umbúðir:

- Bylgjupappír er flokkaður og endurnýttur
- Viðskiptavinir geta keypt kaffidrykki í eigin bólla
- Plastlát endurnýtt
- Öll þvottaefni eru umhverfisvæn
- Sorp er flokkað í gæðapappír, dagblöð & tímarit, gler, lífrænan úrgang, málms og annan úrgang
- Fyllsta öryggis er gætt í umgengni við umhverfisspillandi efni
- Viðskiptavinir eru hvattir til nota fjólnota bakka undir götumál og endurnýta
- Viðskiptavinum er boðinn kaffikorgur til að jarðvegsbæta beðin í garðinum

Starfið blómstrar í dag og mörg verkefni framundan í umhverfisnefndinni sem er samsett úr starfsmönnum allra deilda.



Jákvæð áhrif á fyrirtækjameninguna

Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf.

leist í upphafi vel EMS-light og þann möguleika að nota hugbúnaðinn sem fylgdi til þess að fá raunverulegar mælingar á þeim þáttum sem þau vildu taka inn í verkefnið.

Fljótlega hófu starfsmenn að skilgreina hvaða þætti vert væri að skoða og má þar nefna rafmagn, aðkeypta flutninga, pappír, hreinsiefni og sorplosun. Það eitt að setjast niður saman og ræða þessi málefni vakti starfsmenn til umhugsunar og upp komu margar góðar hugmyndir sem leiddu til minni notkunar ýmissar rekstrarvöru.

Helsti ávinningur af vinnunni hefur verið jákvæð áhrif á menningu fyrirtækisins en það er skoðun starfsmanna Sýnis að öll fyrirtæki hafi mikla skyldu gagnvart umhverfinu og geti með þessu móti lagt sitt af mörkum til umhverfisverndar. Þau binda einnig vonir við að stutt sé í að árangurinn verði líka mælanlegur í krónum.

